

## Fundargerð 151. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Miðvikudagur 7. janúar 2015  
**Fundartími:** 19:00 – 22:30  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Margrét Jónsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Samþykkt að bæta við dagskrána undir liðinn önnur mál, beiðni frá leikskólastjóra um lokun vegna flutninga í nýtt húsnæði og Gjaldskrá Vatnsveitu Flóahrepps dags. 7. jan 2015.

### *Dagskrá:*

1. **Skipulagsmál: - 81. fundur Skipulagsnefndar dags. 04.12.2014.**
  - a) **Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. nóvember til 3. desember.**  
Til kynningar.
  - b) **Spennistöð við Flóaskóla: Villingaholt 166401: Deiliskipulagsbreyting.**  
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flóaskóla sem felur í sér að gert er ráð fyrir nýrri lóð fyrir spennistöð norðan megin við aðkomu að skólasvæðinu. Lóðin er á landi Villingaholts lnr. 166401. Að mati skipulagsnefndar er um óverulega breytingu að ræða og mælir hún með að sveitarstjórn samþykki hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir eigendum landsins.  
Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.
  - c) **Málsnr. 2014 12645770. Heiti máls: Ísgöng í Langjökli: Beiðni um umsögn.**  
Lagt fram til kynningar.
2. **Plastpokalaus Flóahreppur – hugsanlegt samstarf við kvenfélögin í sveitarfélaginu.**  
Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 3. desember 2014, var tekin fyrir ályktun frá Atvinnu og umhverfisnefnd Flóahrepps um plastpokalausán Flóahrepp. Aðeins komu fram nöfn þriggja nefndarmanna. Hið rétta er að allir nefndarmenn standa að baki ályktuninni.  
Fyrir liggur vilji kvenfélaganna í Flóahreppi til samstarfs um verkefnið og kostnaður við sauma á margnota innkaupapokum. Heildarkostnaður miðað við 200 heimili er um 340.000 kr.  
Ákvörðun um áframhald verkefnisins frestað  
Samþykkt með 5 atkvæðum
3. **Þjónustusamningur Flóahrepps og Markaðsstofu Suðurlands.**
  - a) **Undirritun samnings.**  
Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.
  - b) **Tengiliður Flóahrepps við Markaðsstofuna.**  
Tillaga um að sveitarstjóri verði tengiliður Flóahrepps við Markaðsstofu Suðurlands.  
Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Fyrirspurn frá Rósu Matthíasdóttur vegna þátttöku Flóahrepps í Markaðsstofu Suðurlands.**

Spurt er um heildarkostnað Flóahrepps vegna aðildar að Markaðsstofunni og ávinning af þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu?

Heildarkostnaður á ári er 430 kr x 630 íbúar eða 270.900 kr. pr ár. Ávinningurinn felst m.a í aðstoð við stefnumótun og markaðssetningu en Markaðsstofan annast almenna markaðssetningu Suðurlands með dreifingu vandaðs kynningarefnis. Upplýsingar um sveitarfélög og fyrirtæki á Suðurlandi eru birt á einum stað á sameiginlegri heimasíðu. Á heimasíðunni er kynning á sveitarfélaginu og tenging inn á heimasíðu þess.

Markaðsstofan er tengiliður við erlendar og innlendar ferðaskrifstofur, flugfélög, Ferðamálastofu, Iðnaðar og ferðamálaráðuneyti, Íslandsstofu, Ráðstefnuskrifstofu Íslands, Höfuðborgarstofu, SAF, FSÍ marðkaðsstofur annarra landshluta og aðra samstarfsaðila. MSS kynnir svæðið í kynningarbæklingum og ferðahandbókum sínum og á ferðasölusýningum erlendis. Kostnaðarþátttaka í sér verkefnum ákvarðast sérstaklega hverju sinni af samingsaðilum.

Sveitarstjóra falið að senda fyrirspyrjanda afrit af samningi Flóahrepps við Markaðsstofuna, þar sem fram koma markmið verkefnisins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**5. Sálfræðingur Skóla- og velferðarþjónustu, viðbótarstarfshlutfall 50 %.**

Í fundargerð NOS frá 8. desember kemur fram að verulegt álag er á sálfræðingi Skólaþjónustu Árneshings og ljóst að einn starfsmaður annar ekki þeim málum sem bíða úrlausnar. Markmið starfsins er að vinna sem mest í forvörnum og snemmtækri íhlutun en verkefnastaðan býður ekki uppá það í dag. NOS leggur til að ráðinn verði sálfræðingur í 50 % starf til reynslu í eitt ár. Starfsmaðurinn sinni verkefnum bæði hjá Skóla- og velferðarþjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum tillögu NOS.

**6. Drög að samþykktum fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.**

Lögð fram drög að samþykktum fyrir byggðasamlagið Skóla- og velferðarþjónustusta Árneshings.

Sveitarstjórn tekur undir athugasemd við 11 grein, AH1, um að greinin eigi betur heima í starfslýsingu en samþykktum byggðasamlagsins og að endurskoða þurfi orðalag greinarinnar. Einnig er bent á að ekki sé þörf á skriflegu fundarboði vegna aðalfundar, tölvupóstur nægi. Sveitarstjórn gerir ekki aðrar athugasemd við fyrirleggjandi drög.

**7. Erindi frá Hreggviði Hermannssyni dags. 30.12.2014 – mótmælt meðferð sveitarstjórnar í 14. lið, á 149. fundi, á mótmælum, vegna bókunar 148. fundar lið 1. a)**

Erindið mótttekið. Sveitarstjóra falið að vera í sambandi við skipulagsfulltrúa og óska eftir því að það sé fullkannað hvort Vegagerðin sé veghaldari vegarins sem um er rætt í bókun skipulagsfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**8. Erindi frá Hreggviði Hermannssyni dags. 30.12. 2014 – ítrekun á erindi varðandi lóð 176572.**

Óskað er eftir að sett verði tímamörk á vinnslu erindis vegna lóðar 176572.

Bent er á að óski þinglýstur handhafi lóðarleigusamings eftir því að verða leystur frá samningnum þarf hann að senda um það beiðni til sýslumanns. Sveitarstjóra falið að upplýsa fyrirspyrjanda það.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**9. Erindi frá Hreggviði Hermannssyni dags 30.12.2014, óskað eftir upplýsingum.**

Óskað er eftir upplýsingum um þjónustukaup Flóahrepps af Baldri Eiðssyni og Stjörnumótum.

Sveitarstjóra falið að veita fyrirspyrjanda upplýsingarnar eftir því sem lög leyfa. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**10. Fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2015.**

Óskað er eftir samstarfi sveitarfélaga um rekstur Stígamóta vegna ársins 2015.

Sveitarstjórn samþykkir 50.000 kr. framlag.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**11. Landsþing Kvenfélagasambands Íslands á Selfossi - styrkbeiðni.**

Lögð fram styrkbeiðni frá Elínborgu Sigurðardóttur, formanni Sambands sunnlenskra kvenna vegna Landsþings Kvenfélagasambands Íslands sem verður haldið á Hótel Selfossi dagana 9. – 11. október 2015.

Sveitarstjórn samþykkir 50.000 kr styrk.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**12. Erindi frá Strók – styrkbeiðni.**

Lagt fram erindi frá Klúbbnum Strók sem starfar í Árnes, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslum þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarfélagsins við starfsemi hans.

Samþykkt að veita 50.000 kr. til klúbbsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**13. Snorraverkefnið – styrkbeiðni.**

Óskað er eftir stuðningi og/eða samstarfi vegna starfsþjálfunar ungmenna á vegum Þjóðræknifélags Íslendinga og Norrænafélagsins á Íslandi.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að styðja verkefnið að svo stöddu.

**14. Leikskólabygging - staða mála, lokafrágangur.**

Lagt fram yfirlit yfir áætlaðan kostnað sem liggur fyrir að þurfi að greiða til þess að ljúka við frágang við/í leikskólabyggingu. Gerðar hafa verið fyrirspurnir og leitað hefur verið tilboða í alla þessa þætti og er listinn miðaður við hagstæðustu tilboð hvers einstaks þáttar á hverjum stað.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða áætlun að undanskildum ofni í eldhús, kr 6.788.140 kr. Gert er ráð fyrir að ofni verði skilað aftur í leikskólann frá

Þjósárveri. Sveitarstjórn samþykkir að matseld fyrir nemendur og starfsmenn

leikskólans fari fram í Krakkaborg. Sveitarstjóra falið að vinna að því í samráði við stjórnendur og starfsmenn beggja skólanna.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**15. Fundargerðir:**

**a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 150, dags. 03.12. 2014.**

Fundargerðin lögð fram og kynnt.

**b) NOS nr. 4 - dags. 8. des. 2014.**

Fundargerðin lögð fram og kynnt.

**c) Stjórn þjónustusvæðis um málefni fatlaðra nr. 9, dags. 15.10.2014.**

d) Fundargerðin lögð fram og kynnt.

**e) Þjónustusvæði málefna fatlaðra á Suðurlandi, haustfundur dags. 22.10.2014.**

Fundargerðin lögð fram og kynnt.

**f) Samband íslenskra sveitarfélaga nr. 823, dags. 12.12.2014.**

g) Fundargerðin lögð fram og kynnt.

**16. Efni til kynningar:**

**a) Tillaga að landsskipulagsstefnu 2015 – 2026.**

**b) Erindi til Vatnsveitu Flóahrepps frá HES leiðbeinandi tilmæli um áhættumat.**

c) **Tillaga að vinnuferli vegna fjárhagsáætlanagerðar Flóahrepps.**

d) **Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014 – 2018.**

**17. Önnur mál:**

- a) Beiðni frá leikskólastjóra um lokun dagana 22. og 23 janúar vegna flutninga í nýtt húsnæði. Samþykkt með 5 atkvæðum.
- b) Gjaldskrá tengigjalda Vatnsveitu Flóahrepps uppfærð miðað við byggingarvísitölu í janúar 2015 lögð fram. Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 22:30

Árni Eiríksson  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Margrét Jónsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri